

Controlant hf.
Ársreikningur 2020
Móðurfélag og samstæða

Controlant hf.
Holtasmári 1
201 Kópavogi

kt. 670605-0780

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginrekstur félagsins felst í sölu og þróun á vörum og þjónustu á sviði þráðlausrar mælitækni.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 1.237 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 1.768 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins nam í árslok 5.401 þús. kr. að nafnverði og er það aukning um 921 þús kr. frá fyrra ári. Hlutfé í árslok skiptist á 147 hluthafa en þeir voru 79 ársbyrjun. Eignarhlutur tíu stærstu hluthafa er eftirfarandi:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Frumtak 2 slhf.	421214-0500	698.640	12,9%
Stormtré ehf.	440602-3040	351.247	6,5%
Líra ehf.	441206-0970	285.825	5,3%
Kaskur ehf.	500804-2030	247.927	4,6%
Sigtryggur Klemenz Hjartar	300770-5689	219.388	4,1%
TT Investments ehf.	650311-1320	186.964	3,5%
Sio ehf.	590115-1850	173.585	3,2%
Gísli Herjólfsson	260279-4329	162.734	3,0%
E3 ehf.	450215-0150	130.141	2,4%
Nataaqaq Fisheries	410704-9270	115.000	2,1%
		<hr/>	
		2.571.451	47,6%
Aðrir hluthafar (137)		2.829.393	52,4%
Samtals hlutfé samkvæmt ársreikningi		<hr/>	
		5.400.844	100,0%

Í mars 2020 gaf félagið út skuldabréf með breytirétti fyrir allt að 1.250 millj. kr. Bréfin bera 12% vexti og eru á gjalddaga 10. mars 2022.

Útgáfufylsingu bréfanna má nálgast hér: https://vbsi.is/media/PDF/Skuldabref_CTRL22.pdf

Ekki eru skilyrði til greiðslu arðs til hluthafa á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Covid-19 faraldurinn hafði fjárhagsleg áhrif á starfsemi Controlant á fyrri hluta 2020. Hins vegar gerði Controlant samning á seinni hluta ársins um vöktun á bóluferni við Covid-19 sem hafði í för með sér verulegan vöxt í starfsemi félagsins út árið. Fjárfesting í tækjabúnaði var aukin og starfsfólki fjölgað. Tekjur félagsins hafa haldið áfram að vaxa verulega á fyrstu mánuðum 2021 og stefnir í að félagið skili hagnaði á því ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Controlant hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 10. maí 2021.

Í stjórn félagsins:

Svanhvít Gunnarsdóttir

Frosti Ólafsson

Kristín Friðgeirsdóttir

Ingi Guðjónsson

Trausti Þórmundsson

Framkvæmdastjóri:

Gísli Herjólfsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Controlant hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Controlant hf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 10. maí 2021

KPMG ehf.

Jón Sigurður Helgason

Jón Arnar Óskarsson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2020	2019	2020	2019
Rekstrartekjur					
Sala vöru og þjónustu		854.042.610	390.083.619	784.994.791	330.827.617
Styrkir og endurgreiðslur	3	10.822.978	19.910.072	10.822.978	19.910.072
		<u>864.865.588</u>	<u>409.993.691</u>	<u>795.817.769</u>	<u>350.737.689</u>
Rekstrargjöld					
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu		484.095.611	274.726.365	448.162.796	261.320.784
Laun og launatengd gjöld	2	787.111.619	420.783.845	693.253.400	356.328.929
Annar rekstrarkostnaður		313.022.636	271.356.721	295.094.972	239.381.544
Afskriftir	3,4	228.337.928	233.765.944	228.337.928	233.765.944
		<u>1.812.567.794</u>	<u>1.200.632.875</u>	<u>1.664.849.096</u>	<u>1.090.797.201</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(947.702.206)	(790.639.184)	(869.031.327)	(740.059.512)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur		4.435.842	1.370.091	4.433.825	1.370.091
Vaxtagjöld		(160.656.796)	(28.447.148)	(160.274.669)	(28.340.440)
Gengismunur		(133.031.203)	7.168.812	(132.395.080)	7.320.003
		<u>(289.252.157)</u>	<u>(19.908.245)</u>	<u>(288.235.924)</u>	<u>(19.650.346)</u>
Áhrif dótturfélaga	5	0	0	(79.687.112)	(50.837.571)
Tap ársins	6	<u>(1.236.954.363)</u>	<u>(810.547.429)</u>	<u>(1.236.954.363)</u>	<u>(810.547.429)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2020	2019	2020	2019
Eignir					
Þróunarkostnaður	3	612.645.175	294.965.027	612.645.175	294.965.027
Aðrar óefnislegar eignir	4	15.274.115	15.788.647	15.274.115	15.788.647
Rekstrarfjármunir	4	1.327.270.854	194.802.449	1.327.270.854	194.802.449
Eignarhlutir í dótturfélögum	5	0	0	25.030.235	13.824.648
Fastafjármunir samtals		<u>1.955.190.144</u>	<u>505.556.123</u>	<u>1.980.220.379</u>	<u>519.380.771</u>
Birgðir		228.067.198	66.891.974	228.067.198	66.891.974
Viðskiptakröfur		304.868.947	90.356.901	262.390.459	33.569.370
Kröfur á dótturfélög	9	0	0	43.752.457	47.933.498
Aðrar skammtímakröfur		663.085.739	99.786.287	663.034.967	99.786.287
Handbært fé		2.841.570.013	237.430.647	2.806.277.535	223.987.467
Veltufjármunir samtals		<u>4.037.591.897</u>	<u>494.465.809</u>	<u>4.003.522.616</u>	<u>472.168.596</u>
Eignir samtals		<u>5.992.782.041</u>	<u>1.000.021.932</u>	<u>5.983.742.995</u>	<u>991.549.367</u>
Eigið fé					
Hlutfé		5.400.844	4.479.844	5.400.844	4.479.844
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár		1.775.156.716	804.357.194	1.775.156.716	804.357.194
Bundnir eiginfjárlíðir		617.282.795	290.076.017	617.282.795	290.076.017
Ójafnað eigið fé		(629.359.577)	(302.693.454)	(629.359.577)	(302.693.454)
Eigið fé samtals	6	<u>1.768.480.778</u>	<u>796.219.601</u>	<u>1.768.480.778</u>	<u>796.219.601</u>
Langtímaskuldir					
Breytanlegt vaxtaberandi lán	7	1.304.398.957	0	1.304.398.957	0
Skammtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir		0	51.971.715	0	51.971.715
Viðskiptaskuldir		315.066.339	57.892.221	314.151.347	56.404.548
Fyrirframinnheimtar tekjur		2.411.624.567	8.390.695	2.411.624.567	8.390.695
Aðrar skammtímaskuldir		193.211.400	85.547.700	185.087.346	78.562.808
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.919.902.306</u>	<u>203.802.331</u>	<u>2.910.863.260</u>	<u>195.329.766</u>
Skuldir samtals		<u>4.224.301.263</u>	<u>203.802.331</u>	<u>4.215.262.217</u>	<u>195.329.766</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>5.992.782.041</u>	<u>1.000.021.932</u>	<u>5.983.742.995</u>	<u>991.549.367</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2020

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2020	2019	2020	2019
Rekstrarhreyfingar					
Tap ársins	6	(1.236.954.363)	(810.547.429)	(1.236.954.363)	(810.547.429)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	4	228.337.928	233.765.944	228.337.928	233.765.944
Tekjuskattur		2.829.394	0	0	0
Áhrif dótturfélaga	5	0	0	79.687.112	50.837.571
Veltufé til rekstrar		(1.005.787.041)	(576.781.485)	(928.929.323)	(525.943.914)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, hækkun		(161.175.224)	(1.299.855)	(161.175.224)	(1.299.855)
Skammtímakröfur, hækkun		(774.520.236)	(49.582.885)	(792.069.769)	(19.860.994)
Skammtímaskuldir, hækkun		2.763.727.041	10.269.539	2.767.505.209	14.150.494
		1.828.031.581	(40.613.201)	1.814.260.216	(7.010.355)
Handbært fé til (frá) rekstri		822.244.540	(617.394.686)	885.330.893	(532.954.269)
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í þróunarkostnaði	3	(455.870.137)	(224.373.550)	(455.870.137)	(224.373.550)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	4	(1.222.101.812)	(177.932.162)	(1.222.101.812)	(177.932.162)
Kröfur á dótturfélög, breyting		0	0	(86.171.003)	(76.135.691)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.677.971.949)	(402.305.712)	(1.764.142.952)	(478.441.403)
Fjármögnunarhreyfingar					
Innborgað hlutfé	6	2.144.308.155	1.138.332.769	2.144.308.155	1.138.332.769
Nýtt breytanlegt skuldabréf		1.368.765.687	0	1.368.765.687	0
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(51.971.715)	1.971.715	(51.971.715)	1.971.715
Skuldabréf, breyting		0	(150.000.000)	0	(150.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		3.461.102.127	990.304.484	3.461.102.127	990.304.484
Breyting á handbæru fé		2.605.374.718	(29.395.914)	2.582.290.068	(21.091.188)
Handbært fé í ársbyrjun		237.430.647	266.079.888	223.987.467	245.078.655
Gengismunur á handbæru fé		(1.235.352)	746.673	0	0
Handbært fé í árslok		2.841.570.013	237.430.647	2.806.277.535	223.987.467

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Controlant hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélaga. Ársreikningar dótturfélaganna er innifaldir í samstæðureikningi félagsins frá því yferráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli félaganna er felldur út í samstæðureikningnum. Óinnleystur hagnaður sem myndast í viðskiptum við samstæðufélög er felldur út í samræmi við eignarhlut félagsins í samstæðufélaginu.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur af eignarhaldi flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi.

d. Þróunarkostnaður

Á eignaliðinn þróunarkostnaður í efnahagsreikningi er færður kostnaður við vöruþróun. Þróunarkostnaður er færður til eignar á verði sem svarar til beins launakostnaðar. Gjaldfærsla afskrifta í rekstrarreikning hefst þegar vara er tilbúin til sölu og er afskriftatímabilið þrjú til fimm ár. Bókfært verð þróunarkostnaðar er fært af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár í samræmi við lög um ársreikninga, samanber skýringu 6.

e. Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir

Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

f. Dótturfélög

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

Lög um ársreikninga tóku breytingum frá ársbyrjun 2016. Nú skal færa af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár fjárhæð er svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga sem færð var í rekstrarreikning að svo miklu leyti hlutdeildin er umfram móttekinn arð frá þessum félögum eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta. Vegna lagabreytingarinnar hefur félagið fært samtals 17 millj. kr. á bundinn reikning í árslok 2020.

g. Birgðir

Birgðir samanstanda af vöktunarbúnaði á lager sem ætlaður er til sölu. Þær eru færðar til eignar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði sé það lægra.

h. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði í efnahagsreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu.

i. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

2. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna greinist þannig:

	2020	2019
Laun	913.780.131	522.838.593
Áfallið orlof	31.725.817 (2.557.596)
Launatengd gjöld	197.082.376	116.514.870
Eignfærð laun, sjá skýringu 3	(449.334.924)	(280.466.938)
Samtals í móðurfélagi	693.253.400	356.328.929
Launakostnaður í dótturfélagi	93.858.219	64.454.916
Samtals í samstæðu	787.111.619	420.783.845
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	86	51
Par af í móðurfélaginu	82	48
Stöðugildi í árslok	132	53

Laun framkvæmdastjóra námu 23 millj. kr. á árinu 2020 (2019: 21 millj. kr.). Laun til stjórnar námu 4 millj. kr. á árinu 2020 (2019: engin laun).

3. Þróunarkostnaður

Félagið hefur unnið að þróunarverkefni um sjálfvirka ferilvöktun og rekjanleika. Félagið hefur gjaldfært kostnað vegna þróunarverkefna þar til ljóst er að verkefnið verður að söluvöru en þá er beinn kostnaður eignfærður þar til sala hefst. Árið 2012 hlaut félagið staðfestingu Rannís á því að um þróunarverkefni væri að ræða í samræmi við lög nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlast félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu sem ákvörðuð er miðað við 35% (2019: 20%) af útlögðum kostnaði vegna þróunarverkefnisins. Þróunarkostnaður er afskrifaður á þremur til fimm árum. Þróunarkostnaður félagsins greinist þannig í árslok:

	2020	2019
Bókfært verð í ársbyrjun	294.965.027	212.384.072
Eignfærð laun og launatengd gjöld	449.334.924	280.466.938
Eignfærður annar þróunarkostnaður	252.003.748	0
Reiknuð endurgreiðsla	(245.468.535)	(56.093.388)
Afskrifað á árinu	(138.189.989)	(141.792.595)
Bókfært verð í árslok	612.645.175	294.965.027

Áætluð endurgreiðsla vegna kostnaðar félagsins á árinu 2020 nemur 245 millj. kr. (2019: 76 millj. kr.) og greinist þannig:

Endurgreiðsla færð til tekna í rekstrarreikningi	0	19.863.895
Endurgreiðsla færð til lækkunar á þróunarkostnaði	245.468.535	56.093.388
Heildarendurgreiðsla færð á meðal annarra krafna í efnahagsreikningi	245.468.535	75.957.283

Skýringar, frh.:

4. Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir

Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Vörumerki og annað	Vöktunar- búnaður	Skrifstofu- áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2020	18.512.889	286.585.030	51.364.799	356.462.718
Afskrifað áður	(2.724.242)	(115.610.081)	(27.537.299)	(145.871.622)
Bókfært verð 1.1.2020	15.788.647	170.974.949	23.827.500	210.591.096
Viðbót á árinu	2.312.656	1.119.779.871	100.009.285	1.222.101.812
Afskrifað á árinu	(2.827.188)	(69.162.702)	(18.158.049)	(90.147.939)
Bókfært verð 31.12.2020	15.274.115	1.221.592.118	105.678.736	1.342.544.969
Heildarverð 31.12.2020	20.825.545	1.406.364.901	151.374.084	1.578.564.530
Afskrifað samtals 31.12.2020	(5.551.430)	(184.772.783)	(45.695.348)	(236.019.561)
Bókfært verð 31.12.2020	15.274.115	1.221.592.118	105.678.736	1.342.544.969
Afskriftahlutföll	15%	25-30%	20-33%	
Afskriftir greinast þannig í rekstrarreikningi félagsins:			2020	2019
Þróunarkostnaður			138.189.989	141.792.595
Aðrar óefnislegar eignir			2.827.188	2.117.658
Rekstrarfjármunir			87.320.751	89.855.691
			<u>228.337.928</u>	<u>233.765.944</u>

Rekstrarleigusamningar

Félagið hefur gert húsaleigusamning vegna skrifstofuhúsnæðis í Holtasmára 1 sem tók gildi í apríl 2020. Samningurinn er til tíu ára en er uppsegjanlegur innan aprílmánaðar árið 2025. Meðalverð leigugreiðslna er um 2,5 millj. kr. á mánuði og er það bundið vísitölu neysluverðs.

Vátryggingar

Vátryggingaverð tækja, búnaðar og innréttinga nam 21 millj. kr. í árslok 2020 (2019: 15 millj. kr.).

5. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið á 100% eignarhlut í tveimur dótturfélögum og greinast þeir þannig:

	Bókfært verð í ársbyrjun	Hlutdeild í afkomu	Þýðingar- munur	Bókfært verð í árslok
Controlant DK Aps, Danmörku	13.824.648	8.985.975	2.219.613	25.030.236
Controlant Inc, Bandaríkin	(200.525.826)	(88.673.087)	(1.678.958)	(290.877.871)
Samtals	(186.701.178)	(79.687.112)	540.655	(265.847.635)

Neikvæð staða eignarhlutar í félaginu er færð til lækkunar á kröfum á dótturfélög í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum nemur 5.400.844 kr. í árslok 2020 og skiptist það í 1.315.455 A hluti og 4.085.389 B hluti. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverð hlutfjár	Bundnir eiginfjárliðir	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	4.479.844	804.357.194	290.076.017	(302.693.454)	796.219.601
Áhrif breytanlegs skuldabréfs		64.366.730			64.366.730
Innborgað hlutfé	921.000	2.143.387.155			2.144.308.155
Þýðingarmunur dótturfélaga			540.655		540.655
Áhrif dótturfélags			8.985.975	(8.985.975)	0
Eignfærsla þróunarkostnaðar			317.680.148	(317.680.148)	0
Tap ársins				(1.236.954.363)	(1.236.954.363)
Jöfnun taps		(1.236.954.363)		1.236.954.363	0
Eigið fé 31.12.2020	5.400.844	1.775.156.716	617.282.795	(629.359.577)	1.768.480.778

Bundir eiginfjárliðir sundurliðast þannig:

	2020	2019
Þróunarkostnaður	612.645.175	294.965.027
Þýðingarmunur	(12.076.782)	(12.617.437)
Bundinn hlutdeildarreikningur	16.714.402	7.728.427
	617.282.795	290.076.017

Kaupréttarsamningar

Í árslok 2020 eru til staðar samningar við stjórnendur og aðra starfsmenn um kaup á hlutabréfum að nafnverði samtals 381 þús. kr. í samræmi við heimildir í samþykktum stjórnar. Meðalgengi í samningunum er um 905 kr. á hlut.

7. Breytanlegt skuldabréf

Félagið gaf út breytanlegt skuldabréf að nafnverði 1.250.000.000 kr. á árinu. Lánið ber 12% vexti og er það á gjalddaga 10. mars 2022. Vextir bætast við höfuðstól árlega.

Félaginu er heimilt að greiða lánið upp innan tólf mánaða frá gjalddaga. Kröfuhafi er heimilt að breyta 50% af lánsfjárhæð í hlutfé á lántímanum. Heimilt er að breyta lánsfjárhæð í allt að 428.587 B hluti. Eignfærður lántökukostnaður í árslok 2020 vegna lánsins nemur 25 millj. kr. og er hann færður til lækkunar á láninu í efnahagsreikningi félagsins.

Skýringar, frh.:

8. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2020, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 3.298 millj. kr. en skatteign vegna tapsins hefur ekki verið færð í ársreikninginn. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður.

	2020	2019
Tap ársins 2010, nýtanlegt til ársloka 2020	0	8.240.345
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	30.205.317	30.205.317
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	27.489.373	27.489.373
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	61.148.102	61.148.102
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	84.790.127	84.790.127
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	211.181.911	211.181.911
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	271.164.523	271.164.523
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	245.785.739	245.785.739
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	545.481.311	545.481.311
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	700.666.408	700.666.408
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	1.119.759.906	0
Samtals	<u>3.297.672.717</u>	<u>2.186.153.156</u>

9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stjórnendur þess, félög í eigu stjórnenda auk móðurfélags og dótturfélaga. Viðskipti félagsins við stjórnendur voru óveruleg á árinu en upplýsingar um laun er að finna í skýringu 2.

Á árinu nam vörusala móðurfélagsins til dótturfélaga 140 millj. kr. Kröfur móðurfélagsins á dótturfélögin námu 44 millj. kr. í árslok. Framangreind viðskipti hafa verið jöfnuð út í samstæðunni.